



Til:
Efni:
Upplýsingar:

sigurgeir.thorgeirsson@anr.is

Re: Drög að reglugerð um skeldýrarækt til umsagnar

Sent: 10-10-2019 14:14:49 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019090018, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019090018

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 16. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að reglugerði um skeldýrarækt. sem byggir á heimild í lögum nr. 90/2011 um skeldýrarækt og lögum nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreinda reglugerð:

1. Í 5. gr. er fjallað um málsmeðferði umsóknar. Í 2. mgr. er taldir upp umsagnaraðilar annars vegar um tilraunaleyfi og hins vegar um ræktunarleyfi. Þar kemur fram að Náttúrufræðistofnun er einungis umsagnaraðili um ræktunarleyfi. Að mati Náttúrufræðistofnunar væri eðlilegra að stofnunin væri umsagnaraðili bæði um tilraunaleyfi jafnt sem ræktunarleyfi. Það er áriðandi að skoða strax á frumstigi máls hvort hætta sé neikvæðum áhrifum á náttúrufar (sömu þætti og fjallað er um varðandi ræktunarleyfi) því gera má ráð fyrir því að mörgum eða flestum tilfellum sé farið í tilraunarækt á svæðum þar sem gert er ráð fyrir að hefja síðan ræktun.

2. Í 6. gr. 2. mgr. segir: „Þá getur Matvælastofnun gert kröfur um að tilrauna- eða ræktunarleyfishafi framkvæmi tiltekna forkannanir varðandi staðarval og sýnatökur á framleiðslusvæði, efna- og örverurannsókni, athugun á áhrifum veðurfarslegra þátta, mengun o.fl.“ Náttúrufræðistofnun telur að Matvælastofnun eigi einnig að geta gert kröfu um að gerðar séu kannanir á dýrlífi og vistgerðum á viðkomandi svæði.

3. Í 9. gr. um afturköllun á leyfi kemur fram heimilt sé að afturkalla leyfi vegna hættu á mengun eða annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Koma þarf fram að ófyrirsjáanlegar aðstæður eigi einnig við um ef fram kemur hnignun á lífríki/vistkerfum umfram það sem mögulega var gert ráð fyrir.

Einnig þarf að vera alveg skýrt að hægt sé að afturkalla starfsleyfi tafarlaust og án viðvarana ef í ljós kemur að verið er að nota tegundir eða framandi tegundir sem ekki er leyfi fyrir hvort sem það hefur verið sýnt fram á að þær séu ágengar hér við land eða ekki enda óvíst að slík þekking sé fyrir hendi miðað við aðstæður hér.

4. Í 11. gr. kemur ekki fram hvort búnaður eigi að uppfylla ákveðna staðla s.s. með gæðavottun.

5. 17. gr. í greininni er fjallað um vöktunaráætlun. Ekki kemur fram hvort vakta eigi hvort viðkomandi tegund/stofn af skeldýri hafi dreift sér til svæða þar sem ekki var gert ráð fyrir að tegundin dreifði sér. Þetta er áriðandi sérstaklega ef leyfi hefur verið veitt fyrir tegundum þar sem í leyfis- og umsagnarferli hafa komið fram efasemdir um að leyfa eigi ræktun á viðkomandi tegund/stofni. Í slíkum tilfellum verða leyfishafar og leyfisveitendur að geta sýnt fram á að ekki hafi orðið neikvæð áhrif út fyrir ræktunarsvæði.

6. Óljóst er hvað átt er við með fyrirbyggjandi aðgerðum í grein 21. (mengun, slysasleppingar, sjúkdóma ?)

7. Í viðauka I lið 1 er fjallað um þjálfun starfsmanna. Hér má bæta við þekkingu á lífríki/vistkerfum og hugsanlegum áhrifum eldisins á það t.d. vegna úrgangs eða annarra þátta.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Sigurgeir Þorgeirsson <sigurgeir.thorgeirsson@anr.is>
To: "eb@fiskistofa.is" <eb@fiskistofa.is>, Sigurður Guðjónsson <sigurdur.gudjonsson@hafogvatn.is>, "georg@lhg.is" <georg@lhg.is>, Jón Gíslason <jon.gislason@mast.is>, "jgo@ni.is" <jgo@ni.is>, "gudni.a.johannesson@os.is" <gudni.a.johannesson@os.is>, "jon.gunnar.jonsson@samgongustofa.is" <jon.gunnar.jonsson@samgongustofa.is>, "karl.bjornsson@samband.is" <karl.bjornsson@samband.is>, Elvar Árni Lund <elvar@ispolar.is>, Kristín L. Árnadóttir <kristinlinda@umhverfisstofnun.is>
Cc: Sigríður Norðmann <sigridur.nordmann@anr.is>
Date: 16/09/2019 14:28
Subject: Drög að reglugerð um skeldýrarækt til umsagnar

Til stendur að setja reglugerð um skeldýrarækt samkvæmt ákvæðum í lögum um skeldýrarækt nr. 90/2011. Í 17. grein laganna segir:

„Við setningu reglugerða skal eftir því sem við á leitað umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslu Íslands, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, samtaka hagsmunaaðila í skeldýrarækt, Samgöngustofu, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera fjórar vikur.“

Hér með er leitað eftir umsögnum ofangreindra stofnana og samtaka um drög þau að reglugerð sem fylgja í viðhengi og frestur gefinn til 11. október til að veita umsögn.

Fyrir hönd ráðherra,

Sigurgeir Þorgeirsson, sérfræðingur / Specialist

Skrifstofa sjávarútvegs og fiskeldis / Department of Fisheries and Aquaculture
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9700

www.anr.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing [attachment "Skelrækt-reglug-drög-16.09.19.doc" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]